

Stjórn Ríkisútvarpsins
og útvarpsstjóri,
Efstaleiti 1,
103 Reykjavík.

Boðsent.

Reykjavík, 16. febrúar 2020.

Varðar: Frétt um Samherja hf. þann 13. febrúar 2020.

Mér hefur verið falið, f.h. umbjóðanda míns, Samherja hf., Glerárgötu 30, 600 Akureyri, að rita þetta bréf vegna umfjöllunar Ríkisútvarpsins undanfarna mánuði um starfsemi dótturfélaga Samherja hf. í Namibíu. Í tveimur sjónvarpsþáttum Kveiks þann 12. nóvember 2019 og 27. nóvember 2019 og í samfelldri fréttuumfjöllun síðan þá hafa komið fram ítrekaðar aðdróttanir í garð fyrirtækisins. Þar hafa komið fram fjölmargar fullyrðingar sem hafa ekki verið studdar gögnum sem talist geta nægilega traust til að hægt sé að fara fram með þeim hætti sem gert hefur verið, sbr. m.a. 1., 3. og 6. tölulið 4. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið þar sem segir m.a. að Ríkisútvarpið skuli vera til fyrirmyndar um gæði og fagleg vinnubrögð, sannreyna að heimildir séu réttar og stunda vandaða fréttamennsku. Fréttuumfjöllunin getur heldur ekki talist hlutlæg eða sanngjörn, sbr. 2. tölulið 2. mgr. 3. gr. og 2. og 3. tölulið 4. mgr. 3. gr. sömu laga. Um umrædda Kveikspætti verður fjallað sérstaklega í öðru erindi til Ríkisútvarpsins eða eftir atvikum á öðrum vettvangi.

Núna verður þó ekki hjá því komist að mótmæla sérstaklega fréttaflytningi sem birtist síðastliðið fimmtudagskvöld, þann 13. febrúar 2020, í fréttum í sjónvarpsútsendingu Ríkisútvarpsins klukkan 22:00. Í fréttinni segir Hallgrímur Indriðason, fréttamaður, meðal annars: „Tókst Samherja hins vegar að afla sér kvóta í landinu með því að múta embættismönnum, eins og fjallað var um í Kveik í vetur, heimamenn nutu því ekki aðstoðarinnar sem veitt var.“ Þar er hann að vísa til þróunaraðstoðar sem Ísland veitti í Namibíu. Fullyrðing þessi á sér enga stoð í raunveruleikanum og er úr lausu lofti gripin. Þetta hefði mögulega mátt forðast hefði Samherja verið gefinn kostur á andmælum áður en fréttin var flutt svo sem reglur áskilja.

Auk þess er í fréttinni stillt upp erlendum viðmælanda sem ræðir um spillingu og látið líta út eins og umræðuefnið sé mál Samherja sem fréttastofunni er undarlega hugleikið. Viðmælandinn sagði þó ekkert um Samherja í viðtalinu. Á meðan voru sýndar myndir af stjórnendum Samherja.

Hér hefur með a.m.k. tvennum hætti verið brotið gegn vinnureglum fréttastofu Ríkisútvarpsins frá 1. júní 2016. Annars vegar hefur verið tekin efnisleg afstaða til máls sem er í rannsókn sem er í andstöðu við ákvæði 1. málslíðar 2. mgr. 3. gr. vinnureglanna. Og hins vegar hefur verið brotið gegn ákvæði 3. mgr. 4. gr. vinnureglanna þar sem segir: „Sé um að ræða alvarlegar ásakanir, t.d. um lögprot eða vanhæfi, verður að gefa viðkomandi möguleika til andsvara í sama fréttatíma eða geta þess að frásagnar af hans sjónarmiðum sé að vænta, náist ekki í viðkomandi eða kjósi hann að bíða með svör.“

Þó þessi brot á siðareglunum séu alvarleg er enn alvarlegra að fullyrðing fréttamanns Ríkisútvarpsins um að Samherji hafi mútað embættismönnum í Namibíu er fyrirvaralaus ásökun um alvarlegan refsiverðan verknað og hún er ekki studd neinum rökum. Samherji hefur hvorki

verið sakfelldur né ákærður fyrir slík brot eða önnur. Enginn starfsmaður Samherja hefur réttarstöðu sakbornings vegna málsins. Fullyrðing um að heimamenn í Namibíu hafi ekki notið þróunaraðstoðar vegna meintra athafna Samherja er líka til þess fallin að verða virðingu Samherja til hnekkis. Báðar eru fullyrðingarnar fyrirvaralausar og fela í sér refsiverðar og bótaskyldar aðdróttanir, sbr. 235. og 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en brot gegn þessum lagaákvæðum varða fangelsi allt að tveimur árum. Refsingarnar geta bæði þeir sem hafa aðdróttanir í frammi átt yfir höfði sér en einnig þeir sem þær birta eða bera út opinberlega og m.a. þess vegna er erindi þessu beint að stjórn Ríkisútvarpsins. Rétt er að vekja athygli á því að framganga af þessu tagi getur valdið tjóni sem er bótaskyld og fjárhæðir ráðist af þeim viðskiptahagsmunum og orðspori sem er undir.

Með vísan til framangreinds er þess krafist, f.h. umbjóðanda míns, að Ríkisútvarpið birti án tafar leiðréttingu á framangreindum ummælum frá 13. febrúar síðastliðnum og biðjist undandráttarlaust afsökunar. Umbjóðandi minn áskilur sér auk þess rétt til að höfða mál vegna þessara ummæla og annarra.

Þess er vænst að bréf þetta verði tekið fyrir í stjórn Ríkisútvarpsins án tafar og háttsemi af því tagi sem hér er lýst haldi ekki ótalin áfram.

Virðingarfyllst,

Magnús Óskarsson,
hæstaréttarlögmaður.

Boðsent til eftirtalinna viðtakenda:

1. Kári Jónasson, formaður stjórnar, Hvassaleiti 69, 103 Reykjavík (frumrit).
2. Birna Þórarinsdóttir, stjórnarmaður, Huldubraut 40, 200 Kópavogi.
3. Brynjólfur Stefánsson, stjórnarmaður, Sólvallagötu 23, 101 Reykjavík.
4. Elísabet Indra Ragnarsdóttir, stjórnarmaður, Grundarstíg 12, 101 Reykjavík.
5. Guðlaugur G. Sverrisson, stjórnarmaður, Hryggjarseli 11, 109 Reykjavík.
6. Jón Ólafsson, stjórnarmaður, Sólvallagötu 53, 101 Reykjavík.
7. Lára Hanna Einarsdóttir, stjórnarmaður, Vesturgötu 23, 101 Reykjavík.
8. Mörður Árnason, stjórnarmaður, Laugavegi 49, 101 Reykjavík.
9. Ragnheiður Ríkharðsdóttir, stjórnarmaður, Hrafnshöfða 25, 270 Mosfellsbæ.
10. Valgeir Vilhjálmsson, stjórnarmaður, Hólmátúni 13, 225 Álftanesi.
11. Stjórn Ríkisútvarpsins og útvarpsstjóri, Efstaleiti 1, 103 Reykjavík.
12. Margrét Magnúsdóttir, starfandi útvarpsstjóri, Fellahvarfi 25, 203 Kópavogi.
13. Stefán Eiríksson, verðandi útvarpsstjóri, Vallarbraut 12, 170 Seltjarnarnesi.